

Mál nr. 16/2026**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila: (V)****Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.****Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar: (X)****Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys. Sönnun.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 14. janúar 2026 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 17. feb. 2026.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 25. mars 2026.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 27. mars 2026

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M, er hafi starfað sem dælumaður hjá X frá 1. janúar 2017, hafi þann 11. september 2024 fallið af göngupalli steypubíls er hann var að starfa við og slasast alvarlega. Fram kemur að M hafi stigið í op á göngupallinum og misst jafnvægið þar sem hvorki hafi verið lok fyrir opinu né handrið til að tryggja öryggi starfsmanna. M kveður fallið hafi orðið við aðstæður þar sem nauðsynlegur öryggisbúnaður og fallvarnir hafi ekki verið fyrir hendi og orsök slyssins verði þannig rakin til vanrækslu X á lögbundnum öryggisskyldum sínum. M vísar og til þess X hafi vitað af öryggisbrestinum enda hafði áður verið óskað eftir handriði á göngupallinn og það þegar pantað en ókomið er slysið varð. M byggir skaðabótakröfu sína á sakarreglunni og meginreglunni um vinnuveitendaábyrgð. X hafi sýnt af sér saknæma háttsemi með vanrækslu sinni við að tryggja öryggi M á vinnustað en dómaframkvæmd Hæstaréttar styðji þá niðurstöðu að vinnuveitandi beri ábyrgð á ófullnægjandi búnaði og öryggisráðstöfunum. Tjón M sé bein afleiðing af vanrækslu vinnuveitanda á öryggisskyldum sínum. V telur ósannað að óhapp M verði rakið til saknæmrar og ólögmætrar háttsemi X heldur hafi verið um að ræða óhappatilvik og aðgæsluleysi M. V vísar til þess að meginorsök slyssins hafi verið sú að M hafi stigið ofan í op á pallinum og við það misst jafnvægið. Umrætt op sé ekki gat í gólfi ökutækisins heldur myndi fals fyrir fæturnar á dælunni op þegar fætur dælnnar séu dregnir út. Þetta op sé ekki á gönguleið dælumanns og M sem hafi starfað hjá X frá árinu 2017 hafi verið fullkomlega meðvitaður um það op sem myndist þegar fætur dælnnar eru dregnir út. Þá hafi hann ekki átt neitt erindi upp á dæluna eftir að búið var að setja fæturna út. V vísar jafnframt til þess að ekki sé lögboðin skylda að hafa handrið á ökutæki sem þessu. Fallhæðin af palli ökutækisins hafi verið 1,37 metrar en hvergi í lögum, reglugerðum eða öðrum háttænisreglum sé áskilið að notaður sé fallvarnarbúnaður í vinnu sem fer fram í 1,37 metra hæð. Í viðbótarathugasemdum V er vísað til dóms Hæstaréttar Íslands í máli nr. 31/2025 þar sem staðfest hafi verið að ekki sé skylda að vera með fallvarnir þegar unnið væri í hæð undir tveimur metrum.

Í viðbótarathugasemdum M er áréttað að orsök slyssins verði rakið til vanbúnaðar á vinnustað og ófullnægjandi verklags sem X beri skaðabótaábyrgð á. Fallvarnir hefðu komið í veg fyrir slysið en það sé hlutverk vinnuveitenda að gæta að öryggi starfsmanna sinna sbr. inntak vinnuverndarlöggjafarinnar sbr. lög nr. 46/1980. M hafi ítrekað varað við þeirri slysaþættu sem myndaðist þegar fætur dælnnar væru dregnir út og gengið væri á pallinum án handriðs. Ekki sé rétt að hann hafi ekki átt neitt erindi upp á dæluna, honum hafi verið kennt að vinna verkið með þeim hætti af sínum leiðbeinanda. Hvorki hafi legið fyrir skriflegt áhættumat né verklýsing þrátt fyrir ákvæði laga og tilvísun til Hæstaréttardóms í máli nr. 31/2025 eigi ekki við í máli þessu.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort bótaskylda sé fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu X vegna líkamstjóns M. M ber sönnunarbyrðina fyrir því að tjónið megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu X. M heldur því fram að líkamstjón hans verði rakið beint til skorts á nauðsynlegum öryggisbúnaði og fallvörnum á göngupalli steypubílfreiðarinnar en hefur ekki sýnt fram á skyldur X til að grípa til sérstakra aðgerða, hvorki samkvæmt lögum nr. 46/1980 né reglum settum samkvæmt þeim. Fram hefur komið að ökutækið hafi farið í gegnum lögbundna bifreiðaskoðun og skoðun Vinnueftirlits ríkisins án athugasemda. Til þess er og að líta að M var þrautreyndur í starfi og verður ekki annað talið en að hann hafi sjálfur ráðið verklagi sínu við framkvæmd vinnu sinnar eins og hann var vanur. Samkvæmt framansögðu hefur M ekki sýnt fram á að orsök slyss hans verði rakin til

vanbúnaðar á vinnustað eða ófullnægjandi verklags sem X beri skaðabótaábyrgð á heldur til óhappatilviljunar og aðgæsluleysis hans sjálfs í umrætt sinn. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 12. maí 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson
Svavarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Berglind